

# URRIDABÓL

## NÝR LEIKSKÓLI Í URRIÐAHOLTI

VIRÐING - ÁBYRGÐ - UMHVERFI

Leikskólaárin eru mikilvægur tími í þroska barna sem leggur grunninn að lífi þeirra. Því er brýnt að skapa örverndi, uppgögilegt og jákvætt skólaumhverfi sem vekur gleði, forvitni og frumkvæði, eykur sjálfstæði og styrkir jákvæða sjálfsmynnd.



Nafn Þurríðaból vísar í Þurríðavatn líkt og hverfið sem leiksskólin tilheyrir. Ból þýðir hvíldarstaður, rúm eða rekjkja, þ.e. staður sem veitir öruggt skjóli og hlýju. Af sama skapi er leiksskólanum ætlað að veita börnum tækifæri til að þroskast og leggja grunninn að lífinu í tryggu og vinalegu umhverfi.


### STAÐHÆTTIR, HUGMYNDAFRÆÐI OG SKIPULAG

Þurríðaholt er fallegt og metnaðarfullt hverfi sem nýtur návistar við stórkostlega náttúru. Samlíf með náttúru þarf að nálgast af nærgætni og hefur skipulag Þurríðaholts verið brautryðjandi á Íslandi á svíði umhverfis- og skipulagsmála þar sem áherslur skipulags fela meðal annars í skýrsteftu um sjálfbærann vatnsbúskap með blágrænum ofanvatnslausnum. Þurríðaholt er einnig fyrsta vistvottóða hverfið á Íslandi. Nýr leikskóli, Þurríðaból, verður staðsettur neðst í vesturlhuta hverfisins, við Holtsvég 20.

Hönnun leikskólaans hefur í hávegum gildi og stefnur hverfisskipulagsins sem og samkeppnislysingarinnar. Byggingin fellur vel að náttúrunni sem og byggingarstíl hverfisins og lágmarkar skerðingu á útsýni íbúa. Eining var lögð áhersla að skapa öruggt og hlýlegt umhverfi fyrir leik og þroska þar sem óll börn fá að upplifa leiksskólanum á sama hátt óháð hreyfihómlun. Með þetta fyrir augum var unnið með mikinn halla á lóð bannig að grunnpála og aðkoma byggingarinnar er lækkud og aðkoma mótuð að því með náttúrulegum hætti. Allt leiksskólastarf barna fer þá fram á neðri hæð sem gefur greitt aðgengi að vestanverðu án stóllunar og einnig fá óll heimarámin beina tengingu við útileiksvæðin. Skrifstofu- og undirbúningsrými starfsfólk er staðsett á annarri hæð í norðurenda ásamt kaffistofu með stórkostlegu útsýni og verönd til suðurs. Þá eru skrifstofur skolastjóra og aðstöðarskolastjóra með útsýni yfir leikvöll og í nálægð við stig til þess að stuðla að nálægð við starfsfolk, börn og foreldra. Úr tveimur hæðum í norðurenda lækkar leikskólabyggingin niður í hekkadu hæð í fjölnotasulur og þaðan lækkar hún áfram suður í att að náttúrunni. Gert er ráð fyrir að yngstu börnin fái heimarámin í suðurenda með sérstakt leiksvæði sniðið að þeirra þörfum. Yfir skólagöguna flyttast börnin í heimarámi norðar eftir því sem þau vaxa, rétt eins og leikskólinn vex til norðurs.

Lögð er áhersla á sveigjanleika í notkun rýma. Sex heimarámi eru staðsett ávallt tvö samliggjandi með möguleyki á opnum milli rýma til að auka fjölbreytteleika svæða. Hvert heimarámi má hólfu niður í svefnrými og tvískipt leiksvæði. Fjölnotasulur, bókasafn, listasmíðja, og fatahengi mynda sameiginlegt samfellt svæði sem tengja heimarámin saman. Listasmiðjan er staðsett hjá deildum yngstu barnanna og nýtist þeim einnig til máltaða. Rýminu má loka og skipta í tvenn til að fá ró og næði. Sérkennsturýmin eru til hiliðar við mestu flæði sem skapar rölegra umhverfi sem auðveldar einbeitingu.

Hönnunin ýti undir meðvitund og virðingu fyrir umhverfinu og skapar aðstæður til þess að auka þekkingu í gegnum leik og starf. Hringrás fæðunnar er dregin fram með því að gera starfsemi í eldhúsí sýnilega bæði utan frá og innan úr fjölnotasul sem einnig tengist gróðurhúsi. Einning er ræktunarsvæði á lóð. Börnin upplifa því fæðuna allt frá ræktun til flokkunar á úrgangi. Hringrás vatnssins mótar upplifunarhönnun útríma sem bjóða upp á spennandi og örvaldi leiksvæði í skjóli frá umferð og ríkjandi vindáttum. Leiksvæði sakir sér innbláslist í náttúru Þurríðavatnsins og tengist grænum svæðum á lóðarmörkum. Ofanvatn sem fellur á þók er nýtt til leiks sem má nýta í sumrin og brekkan er varðveisst á völdu svæði sem leyfir spennandi klifur á sumrin og æsiferðir á snjóþóputum á veturna. Inngangar inn að lóð eru á öllum hiliðum lóðar í rökréttu samhengi við kerfi göngustígá í hverfinu sem gefur greidla og náttúrulega aðkomu að leiksskólanum sama úr hváða átt maður kemur.



Afstöðumynd 1   1000
Heildarstaði lóðar: ..... 6.151 m <sup>2</sup>
Stærð leiksvæðis: ..... 3.052 m <sup>2</sup>
Stærð bílastæðis: ..... 42 stæði
Paksvali: ..... 226 m <sup>2</sup>
Grunnfjöltur byggingar: ..... 1.233 m <sup>2</sup>
Bruttó fermetrar byggingar: ..... 1.458 m <sup>2</sup>
Nettó fermetrar: ..... 1.356 m <sup>2</sup>
Nýtingarhlutfall: ..... 0.23
Fermetrar af lóð að hvert barn (120 börn): 25 m <sup>2</sup>





## Efnisval

Allt efni er valið með umhverfisáhrif og endingu í huga. Umhverfisvæn steypa er notuð í sökkla og botnplötu en burðarvirki er annars gert úr krosslímdum tímubreiningum sem er létt og sterkt burðarefni sem hentar vel á jarðskálftasæðum. Burðarvirki er einfalt, hagkvæmt og lágmarkar byggingartíma og sónu. Í grunni er notast við L-laga form sem er stabilt og sterkt. Burðarformið endurtekuð sig í mismunandi hlutum byggingarinnar. Aðrir veggir eru gerðir léttir sem gefur byggingunni hámarksveigjanleika til framtíðar. Ás sem liggar í gegnum bygginguna gefur rými fyrir skilvirkja og hindrunarlausu dreifileið fyrir loftræstingu og önnur tæknikerfi.

Við val á klæðningu var leitast við að nota létt og viðhaldslítila klæðningu og er niðurstaðan lifandi samsetning af lerki og áli þar sem unnið er með mismunandi skala og áferð. Byggingarnar verða með uppbroti í vali á klæðningu í samræmi við delilskipulag en ekki síður fyrir börnin svo þau læri að pekkja sitt heimasvæði bæði að innan og utan. Notast er við litu í ál-prófilum glugga og í loftklæðningum við innganga til að draga fram hlýtt og vinalegt efnisval innandyra.

## Hljóðvist

Rík áhersla er lögð á góða hljóðvist. Vel búin kennslurými skipta skópum fyrir árangur og velliðan barna og kennara. Það er ómtími rýmis og skýrleiki talaðs málss mikilvægur málþroska. Gert er ráð fyrir hljóðosgandi loftaplotum og örðrum hljóðosgandi lausnum á vegjum og í innréttungum. Nákvæm útfærsla og uppybygging verður skoðuð vandlega til að tryggja réttá virkni og eiginleika. Einnig þarf að gæta að hljóðstigi frá tæknikerfum sem getur verið breytuvaldur.

## Lýsing/raflagnakerfi

Góð lýsing er einnig mikilvæg fyrir velliðan í skólastarfi. Hönnun byggingarinnar hámarkar möguleika á náttúrulegri birtu sem eykur velliðan og lágmarkar raflagnakerfi. Til viðbótar er gert ráð fyrir innbyggðri stýranlegri LED-lýsingu og raflagnakerfi í loft. Lögð er áhersla á óbeina lýsingu sem skapar vistværi rými sem þægilegt er að dvelja í. Dagsbíta berst inn í gegnum grðurhús við fjölnotasal, opin anddyri og þakglugga, og skyggni við glugga og hurðir tryggja lifandi og þægilega birtu. Náttúruleg lýsing er gædd óbeinni LED-lýsingu þar sem t.d. lýsing flæðir niður vegi eða í gegnum dempandi gler í loftaplotum sem dreifar birtunni jafnt um rýmið.

## Loftræsting og lagnakerfi

Hiti er í gölfum bæði á jarðhæð og á efri hæð þar sem ilogn hefur jákvæð áhrif á hljóðvistina. Votrymi eru sem mest samliggjandi til þess að einfalda lagnakerfi. Gert er ráð fyrir vélrænni lofræstingu með hefðabundnum lofræstibúnaði og varmaðurvinnslu sem tryggir góða orkunýtingu. Loftskiptikerfið hitar ferskt loft með varma sem kerfið dregur úr húsinu og tryggir jöfn og góð loftskipti óháð veðri og vindum. Notast verður við blágrennar ofanvatnslausnir fyrir dren á lóð og afrennsli af þökum.



Útlit Vestur



Útlit Austur




Útlit Suður




Útlit Norður



## SKÝRINGAMYNDIR





Á baðherbergjum eldri barna eru innréttningar hannaðar svo börnin geti sjálf gengið upp á skiptibordið. Skemmtileg hönnun og léttir undir með starfsfólk.






**FLÆÐI BARNA**

- Heimarymi 1-2 ára
- Heimarymi 2-4 ára
- Heimarymi 4-6 ára
- Sameiginleg rými




**FLÆÐI STARFSMANNA**


- Eldhús og eldhússtarfsfólk
- Leikskólastarfssfolk
- Svalir starfsfólk




Fatarýmin eru hluti af fjölnota sameiginlegum rýmum. Léttum pullum er snyrtilega komið fyrir í veggjum sem nytast sem sæti þegar farid er í og úr fótum, en einnig til leiks og lesturs á öðrum tímum.




Sneiðmynd A'-A' 1 | 200



Sneiðmynd B'-B' 1 | 200



Sneiðmynd C'-C' 1 | 200



Sneiðmynd D'-D' 1 | 200